

Innra matsskýrsla

Auðarskóli

2023-2024

Ábyrgð Herdís Erna Gunnarsdóttir skólastjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Langtímaáætlun innra mats – Matsáætlun hvers skólaárs.....	2
Starfsáætlun innra mats teymis	Error! Bookmark not defined.
Niðurstöður mats	2
Stjórnun og forysta	3
Nám og kennsla	4
Innra mat	6
Umbætur: Stjórnun og fagleg forysta.....	7
Umbætur: Nám og kennsla	11
Umbætur: Innra mat	13

Inngangur

Innra mati er ætlað að upplýsa hvernig gögn gefa til kynna stöðu skólans gagnvart viðmiðum og vísbendingum um gæðastarf í Auðarskóla, menntastefnu Dalabyggðar og menntastefnu ríkisins. Markmið skólans er að uppfylla 90% af viðmiðum um gæðastarf gæðaviðmiða sveitarfélagsins.

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu.

Frá hausti 2024 verður unnið eftir uppfærðri langtímaáætlun og matsatriðum sem fest hafa verið fyrir skólaárið 2024-2025. Langtímaáætlun er birt hér að neðan.

Gæðaráð Auðarskóla hefur verið stofnað og tekur það við störfum og innra matsteymi undanfarinna ára. Í innra matsteymi skólans skólaárið 2023-2024 sátu skólastjóri, deildarstjóri grunnskóla og verkefnastjóri sérkennslu.

Á skólaárinu 2024-2025 mun ráðgjafi Ásgarðs ýta starfi gæðaráðs úr vör og styðja við störf þess á skólaárinu. Unnið verður eftir starfsáætlun ráðsins og fastir fundartímar eru skráðir í fundaáætlun skólans.

Langtímaáætlun innra mats – Matsáætlun hvers skólaárs

Gæðaviðmið menntastefnu Dalabyggðar verða tengd á ríkari hátt í innra matsáætlun skólans á komandi árum. Til að byrja með verður það verk í þróun þangað til festu er náð og í takti við innleiðingu menntastefnunnar. Markmiðið er að gæðastarf sé ástundað samkvæmt matssáætlun hvers skólaárs sem eins og hún birtist í starfsáætlun og innra matsskýrslum. Innleiðing menntastefnu hefst í ágúst 2024.

Niðurstöður mats

Í menntastefnu Dalabyggðar er kveðið á um markmið, skipulag og framkvæmd innra mats skólans. Matsþættir skólans fylgja viðmiðum menntastefnu Dalabyggðar og ríkisins og taka ávallt til eftirfarandi þátta:

- Stjórnun og fagleg forysta
- Náms og kennsla
- Innra mat

Í hverjum kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins á skólaárinu 2023-2024 út frá Skólapúlaskönnunum ársins sem og rýnivinnu starfsfólks og stjórnenda. Lagðar voru fyrir þrjár kannanir á skólaárinu 2023-2024: Skólapúlaskönnun 2.-5. bekkja, 6.-10. bekkja og Starfsmannapúlssinn. Skólapúlsskannanir voru lagðar fyrir nemendur í nóvember 2023 og starfsmannakönnun í mars 2024. Í lok skólaárs var rýnt í skólastarf af starfsfólki grunnskólans og farið yfir yfir niðurstöður kannana. Að rýnivinnu lokinni voru lagðar fram tillögur að umbótum fyrir skólaárið 2024-2025 sem finna má í skýrslu þessari. Taka þarf sambærilega rýnivinnu með starfsfólki leikskólans í ágúst 2024.

Stjórnun og forysta

Skólapúlskönnun-Starfsmannapúlsinn-Lögð fyrir í mars 2024

Styrkleikar

- Starfið: Jákvæðar áskoranir
- Starfsfólk: Leikni í starfi og ræktun mannauðs
- Vinnustaðurinn:
 - Ánægja með styttingu vinnuvikunnar
 - Stuðningur frá samstarfsfólki
- Stjórnun
 - Stuðningur frá næsta yfirmanni
 - Valdeflandi forysta næsta yfirmanns
- Kennarar-Kennarastarfið:
 - Upplýsingamiðlun til foreldra
 - Hópavinna í bekk
 - Einstaklingsvinna í bekk
 - Einstaklingsmiðuð kennsla
- Kennarar-Starfsumhverfi kennara
 - Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara
 - Samvinna um kennslu
- Kennarar-Símenntun kennara
 - Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár
- Tækifæri til umbóta
- Álag á starfsmenn: Finna leiðir til að minnka álag í starfi • Skýrleiki hlutverks:
 - Stuðningsfulltrúar þurfa skýrari verkferla og verkefni í kennslustofu
 - Meiri samvinnu og skipulag milli kennara og stuðningsfulltrúa, verkaskipting óskýr.
 - Vantar fasta fundartíma fyrir kennara og stuðningsfulltrúa.
- Kennarar og stuðningsfulltrúar þarfnast meiri stuðnings skólastjórnenda vegna hegðunarvanda og námsörðugleika nemenda
- Meiri sýnileiki skólastjóra

Gögn sem m.a. nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um gæðastjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista, rýnifundir og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Mat á námsvísum og Askinum

Í upphafi skólárs voru nýir námsvísar teknir upp í starfi leik- og grunnskólans. Þeir gáfu starfsfólki betri og meiri yfirsýn á námi og kennslu. Allt starfsfólk leikskólans fékk aðgang að námsvísum um á miðju skólaári. Mat starfsfólks á leikskóla er að námsvísar geri starfið skipulagðara og skilvirkara. Mat stjórnenda er að viðfangsefni í kennslu leikskólabarna sé betur sinnt, að verkefni falli síður á milli og að samábyrgð starfsmanna á viðfangsefnum sé líklegri til að þróast í gegnum námsvísa. Námsvísar grunnskólans fólust fyrst og fremst á samþættingarverkefnum í sex lotum. Uppsetning námsvísa og skipulag reyndist skólanum vel og almennt eru starfsmenn hlynntir þeim. Með þeim næst betri yfirsýn allra á námi og kennslu. Áfram verður haldið að þróa námsvísa og í fleiri námsgreinum í takt við uppfærslu skólanámskrár.

Learncove/Askurinn var tekið í noktun síðasta haust. Starfsfólk almennt hlynnt og ánægt. Sett var upp sérstakt drif inni á svæði Auðarskóla fyrir gögn frá Ásgarði sem nýtist öllu starfsfólki. Stjórnendur meta að aðgengi starfsfólks að gögnum hafi verið verið til bóta.

Samstarf við foreldra gekk vel eins og má sjá í mati á starfsáætlun. Foreldrafélag kom að viðburðum í skólanum og studdi vel við skólastarfið. Skólaráð var virkt og fundaði fjórum sinnum í vetur, í janúar, febrúar, mars og maí. [Hér](#) má finna fundargerðir skólaráðs.

Mat á starfsáætlun Auðarskóla var gert í júní með þeim hætti að stjórn skólans fór í gegnum þá þætti sem þar var lagt upp með í upphafi skólaárs og mátu hvernig tókst til. Flest allt í starfsáætlun gekk upp eins og lagt var upp með en nokkrir þættir sem þarf að bæta. [Hér](#) má finna mat á starfsáætlun 2023-2024.

Nám og kennsla

Í maí 2024 fór fram rýnivinna starfsfólks grunnskólans á þeim skrefum sem þeir tóku í Leiðsagnarnámi og kennslu undir leiðsögn Ásgarðs. Í kjölfarið lögðu þeir fram forgangsatriði kennsluaðferða sem einblína á á næsta skólaári. Festa þarf í sessi kennsluaðferðir þvert árganga og hópa grunnskólanemenda til þess að ná markmiðum sem lagt ert upp með til að auka gæði kennsluaðferða og kennsluhátta í Auðarskóla. Eftirfarandi þættir verða settir í forgang í kennslu allra hópa í hverri kennslustund:

- Skýr námsmarkmið: Allar kennsluáætlanir og kennslustundir þurfa að hafa skýr námsmarkmið sem öllum eiga að vera ljós í upphafi hverrar kennslustundar, lotu og verkefnis. Kennarar þurfa sérstaklega að huga að því að festa námsmarkmið í áætlanir og gera nemendum þau sýnileg.
- Upphaf og endir kennslustunda: Kennarar eiga að skipuleggja kennslufyrirkomulag hverrar kennslustund m.t.t. upphafs og enda þeirra. Skipulagið á að vera öðru starfsfólki aðgengilegt og ljóst hverja kennslustund.
- Námsveggir: Kennari á að halda áfram þróun námsveggja í kennslu. Námsveggir verða að ganga í takt við námsmarkmið, kennsluna og nýttast nemendum. Á námsveggjum á einungis að vera efni sem unnið er með og allt sem tengist ekki kennslunni skal fara niður og geyma.

Á skipulagsdögum eftir að kennslu lauk fór fram mat starfsfólks grunnskólans á niðurstöðum Skólapúls nemenda og Starfsmannapúlsins. Starfsmenn lögðu fram þá þætti sem þeir meta styrkleika og það sem betur megi fara í námi og kennslu og snýst að starfsþróun þeirra. Eftirfarandi þættir eru að mati starfsfólks þeir sem telja að þurfi að leggja meiri áherslu á:

- Starfsfólk grunnskólans almennt ánægt með Námsvísa og Askinn. Starfsfólk þarf meiri þjálfun á notkun hans.
- Kennarar vilja skýrari námsmatsstefnu.

- Kennarar vilja fá meiri þjálfun í bekkjarstjórn og fá fleiri verkfæri og verkferla til að móta betri bekkjaranda sem ætti að leiða til betri skólabrags.
- Kennarar vilja fá meiri þjálfun í lausnum fyrir nemendur með náms- og hegðunarörðugleika.

Skólapúlस्कannanir

Nemendakönnun lögð fyrir í nóvember 2023: 2.-5.bekkur Styrkleikar

- Ánægja af lestri: Hefur aukist á milli ára-Komið yfir landsmeðaltal
- Ánægja með skólann: Hefur aukist á milli ára-Komið að landsmeðaltali

Tækifæri til úrbóta

- Vellíðan í skóla: Hefur lækkað á milli ára-Undir landsmeðaltali: Leita þarf skýringa og finna leiðir til að auka vellíðan í skóla.
- Skólabragur: Bæta skólabrag og efla jákvæð samskipti

Nemendakönnun lögð fyrir í nóvember 2023: 6.-10.bekkur Styrkleikar

- Stjórn á eigin lífi: Hefur aukist á milli ára-Komið að landsmeðaltali
- Vellíðan: Hefur aukist á milli ára-Komið að landsmeðaltali
- Matur í mötuneyti: Mikil ánægja með mat í mötuneyti
- Virk þátttaka nemenda í tímum: Örlítil breyting á milli ára til hins betra. Enn undir landsmeðaltali

Tækifæri til úrbóta

- Auka þrautseigju og efla trú nemenda á sjálfum sér og eigin getu: Finna leiðir til að efla nemendur í námi
- Einelti: Útrýma þarf allri eineltishegðun og atferli. Halda áfram að fræða nemendur um afleiðingar eineltis. Stofnun forvarnarteymis
- Agi í námi/kennslustundum
- Skólabragur: Bæta skólabrag og efla jákvæð samskipti

Innra mat

Innra mat fór að mestu fram í gegnum Skólapúlस्कannanir.

Reynt var að taka á einstaka þáttum skólastarfsins sem stjórnendur mátu að starfið þyrfti að fá skjóta endurgjöf á.

Könnun var lögð fyrir foreldra leikskólans í janúar. Spurt var út í ánægju með fréttabréf leikskólans. Leikskólinn hóf útgáfu hálfsmánaðarlegra fréttabréfa í janúar 2024 af starfi leikskólans. Niðurstaða könnunar er að foreldrar eru mjög ánægðir með fréttabréfið.

Nokkrar áætlanir voru uppfærðar á skólaárinu: Rýmingaráætlanir fyrir leik- og grunnskólann voru uppfærðar og haldin var rýmingaræfing í samstarfi við slökkviliðið í grunnskólanum.

Framvinduskýrsla umbóta úr ytra mati 2020 var uppfærð tvisvar á árinu og send Menntamálastofnun.

Reglur um gestanemendur voru settar á árinu, staðfestar af starfsfólki grunnskólans og fræðslunefnd og birtar á heimasíðu.

Reglur um starf félagsmiðstöðvar voru settar á árinu, staðfestar af fræðslunefnd og birtar á heimasíðu.

Reglur um símanotkun voru uppfærðar: Símafrí. Staðfest og samþykkt meðal starfsfólks grunnskólans, fræðslunefnd og skólaráði. Kynntar nemendum, foreldrum og birtar á heimasíðu skólans.

Lausnateymi voru sett á laggirnar í grunnskólanum. Verklagsreglur lausnateyma voru innleiddar og starfsfólk hefur fengið þjálfun í verklagi. Halda þarf áfram að festa verklag í sessi í grunnskólanum og innleiða aðferðir í leikskólanum.

Innra matsteymi var ekki virkt í starfi sínu í vetur. Helstu ástæður eru að fastir fundartímar voru ekki settir á dagskrá í upphafi skólaárs sem og leyfi eins fulltrúans í teyminu. Markmiðið er að festa betur í sessi skipulag innra mats með starfsáætlun, föstum fundartímum, betri nýtingu gagna s.s. lesfimi skimana. Tengja þarf matsáætlun betur við gæðaviðið menntastefnu og markmið skólans í átt að betri gæðum.

Gögn sem nýtt voru til að meta innra mat voru að hve miklu leyti áætlanir eru til staðar, hversu vel var farið eftir þeim, rýnivinna starfsfólks og stjórnenda, matsblöð með viðmiðum um ytra mats grunnskóla.

Umbótaáætlun skólaársins 2024-2025

Undanfarin tvö ár hefur verið unnið eftir langtímaáætlun skólans um innra mat sem uppfærð var 2022. Starf skólans og umgjörð skólans hefur gengið í gegnum margvíslegar breytingar og þróun á síðustu mánuðum og hefur haft áhrif á skipulag og eftirfylgni innra mats. Ný menntastefna Dalabyggðar vegur þýngst sem og samningur við Ásgarð ehf. Það hefur leitt af sér frávik frá fyrri langtímaáætlun og uppfærslu á henni.

Í umbótaáætlun er greint frá þáttum sem gera þarf betri skil svo unnið sé eftir ítrustu gæðaviðmiðum um innra mat.

Umbótaáætlun er lögð fram m.t.t. eftirfarandi þátta:

- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat

Umbótaáætlun er burðarvirki kerfisbundinna umbóta í Dalabyggð og Auðarskóla og leggur grunnin að starfsáætlun innra mats teymis á næsta skólaári.

Umbætur: Stjórnun og fagleg forysta

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Endurskoðaða skólanámskrá	Uppfæra í samræmi við menntastefnu Dalabyggðar og stefnu skólans	Skólastjórnendur	Ágúst 2024	Ágúst 2025	Já/nei	Uppfærð á heimasíðu og öllu skóla-samfélaginu gert kunnugt
Gera stefnu sveitarfélags og skólans sýnilegri í öllu starfi	Starfsfólk: Fundir og kynningar Nemendur: Kynningar Foreldrar: Fundir og kynningar	Skólastjórnendur/ Kennarar	Ágúst 2024 Okt 2024 Feb 2024	Maí 2025	Já/nei	Starfsáætlun, skólanámskrá heimasíða, póstar til starfsfólks og foreldra
Gera áætlun um endurskoðun áætlana í starfsáætlun	Gera og uppfæra. Birta í starfsáætlun	Skólastjóri	Ágúst 2024	Sept 2025	Lokið/ólokið	Uppfærð á heimasíðu

Endurskoða skólareglur	Starfsfólk klárar og samþykkir drög. Fer til skólaráðs og fræðslunefndar í október/nóv	Skólastjóri	Skólaárið 2024-2025	Ágúst 2025	Já/nei	Uppfærð á heimasíðu og kynnt skólasamfélagi - Uppfærð í starfsáætlun
Stefna um jákvæðan skólabrag og aga í skólastarfi	Undirbúningur stefnu Skólabragur-Nemendur-Foreldrar-Starfsfólk.	Skóla-stjórnendur	Skólaárið 2025-2026	Ágúst 2026	Já/nei	Uppfærð á heimasíðu-Kynnt skólasamfélagi - Uppfærð í starfsáætlun
Sjá til þess að gert verði grein fyrir stefnu skólans í öllum náms- og kennsluáætlunum	Undirbúningsdagar í ágúst nýttir til að uppfæra náms- og kennsluáætlanir skv. viðmiðum stefnu skólans og menntastefnu Dalabyggðar	Skóla-Stjórnendur Kennarar/Starfsfólk	Ágúst 2025	Okt 2025	Já/nei	Allar náms- og kennsluáætlanir á ASKINUM samræmdar og til staðar
Vellíðan 2.-5.	Finna skýringar á líðan nemenda og finna leiðir til að auka hana	Skóla-Stjórnendur/ Kennarar/Starfsfólk	Skólaárið 2024-2025	Maí 2025	Skólapúls í nóv 2024	Hækkun á milli kannana
6.-10. b: Þrautseigja og trú á eigin getu	6.-10. b: Efla þrautseigju nemenda og auka trú á þeirra á eigin getu í námi	Skólastjórnendur/ Kennarar/Starfsfólk	Skólaárið 2024-2025	Maí 2025	Skólapúls í nóv 2024 og mars 2025 Nemenda-samtöl	90% nemenda trú á eigin getu og sýni þrautseigju að þeirra matj
Einelti	Stofna forvarnarteymiYfirfara og uppfæra áætlun gegn einelti og verkferla. Auka aðgengi nemenda/foreldra að tilkynningahnappi.?? Fræða foreldra um áætlun. Vinna hraðar í eineltismálum og leysa þau fyrr en áður.	Skólastjórnendur/ Kennarar/Starfsfólk	Skólaárið 2024-2025 og 2025-2026	Símat	Já/nei	Nemenda-könnun í október Foreldra-könnun í mars 2025 Forvarnarteymi

Agi í kennslustundum- Bekkjaraði Jákvaður skólabragur	Móta þarf stefnu um aga í kennslustundum: Að kenna nemendum að vera í skóla Rýna til gagns á fundum um stöðuna í bekkjum Meta með nemendum á hálfsmánaðarfresti: Hvernig gengur? Hvað þarf að gera betur? Hvert stefnum við?	Skólastjórnendur/ Kennarar/ Starfsfólk	Skólaárið 2024- 2025 og 2025- 2026	Skólaárið 2026- 2027	Já/nei	Skólapúls nemenda í nóv 2024 og mars 2025, Skólapúls nemenda nóv 2025 og mars 2026. Foreldrakönnun febrúar 2025 og febrúar 2027.
Minnka álag á starfsfólk	Finna leiðir til að minnka álag á starfsfólk: Með betra skipulagi, skýrari hlutverkum, bættum skólabrag og skólareglum.	Skólastjóri/ Starfsfólk	Ágúst 2025	Apríl 2026	Starfs manna samtöl og Skólapúls- könnun nóv 2025	Viðmiðið er að 80% starfsfólks finni fyrir álagsminnkun í lok skólaárs
Skýrari verkferla og verkefni stuðnings- fulltrúa í kennslustofuSamvinna og skipulag kennara og stuðningsfulltrúa	Unnið með Ásgarði. Festa þarf í sessi verklag og skiptingu verkefna.	Skóla- stjórnendur/ Starfsfólk/ Ásgarður	Skólaárið 2024- 2025	Maí 2025	Loki/ ólokið	Eru verkferlar til staðar og virkir? Festist verklag og samvinnumenning eða ekki?

Festa stefnu um úrræði vegna náms og hegðunar-erfiðleika nemendaStuðningur við starfsfólk vegna náms- og hegðunarerfiðleika nemenda	Unnið í gegnum lausnateymi, teymisfundi m. foreldrum þegar við á og samvinnu við foreldra. Endurmenntun starfsfólks skal miða að aukinni þekkingu, leikni og færni í vinnu m. nemendum sem eiga í náms- og hegðunarörðul eikum.	Skólastjórnendur/ Ásgarður	Ágúst/ Sept 2024	Maí 2025	Lokið/ ólokið	Að 80% starfsfólk meti að stefnan sé til staðar og að hún sé virk. Að 80% starfsfólks meti að stuðningur og fræðsla hafi vegna náms- og hegðunarerfiðleika sé til staðar
Skólastjórnendur fylgjast með kennslundum og gefur starfsfólki endurgjöf		Skólastjórnendur Kennsluráðgjafi Ásgarðs	Skólaárið 2024-2025	Maí 2025	Matsblöð skólastjórnenda - Innlit í kennsu stundir Lokið/ ólokið	Skólastjórnendur hafi farið tvisvar í innlit hjá hverjum kennara. Allir kennarar hafi fengið tvær endurgjafir á skólaárinu.
Stytting vinnuvikunnar kennara í grunnskóla	Sammælast um aðrar leiðir en hingað til hafa verið notaðar til að uppfylla styttingu vinnutíma hjá kennurum í grunnskóla	Stjórnendur grunnskólas	Ágúst 2024	Des 2024	Lokið/ ólokið	Að allir kennarar grunnskólans geti tekið út styttingu sína á skólaárinu sínu. Að jafnræði hafi gilt á milli kennara.

Umbætur: Nám og kennsla

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Gæði kennslu Skólastjórnendur fylgjast með kennslundum og gefur starfsfólki endurgjöf	Skólastjórnendur skipuleggja innlit og meta stöðu á leiðsagnarnámi þarf að nefna að virkja betur nemendur í kennslustundum	Skólastjórnendur og kennsluráðgjafi Ásgarðs	Ágúst 2024	Apríl 2025	Já/nei	Að allir kennarar hafi innleitt leiðsagnarkennslu, þjálfí nýja kennsluhætti, fari eftir ráðleggingum kennsluráðgjafa og stefnu skólans
Vinna eftir námsvísi og námskrá og ígrunda.	Að fræða kennara/ starfsfólk a mikilvægi námsvísa, hvernig þeir tengjast kennslunni. Hver og einn ígrundar námsvísa og tengsl við námskrá. Hópurinn ígrundar námsvísa og tengsl við námskrá.	Skólastjórnendur	Ágúst 2024	Júní 2025	Fór ígrundun fram hjá hverjum kennara? Fór ígrundun fram í hópnum ? Starfsma nnasamt öl og fundarge rðir	Að allir kennarar hafi ígrundað og metið námsvísa og nýtt breytingar og þróun á þeim í sinni kennslu. Að fastir fundir hafi verið nýttir í ígrundun.
Nýta Lesfimi og Talnafimi til að kortleggja stöðu nemenda í grunnfærni	Rýna þarf í stöðu nemenda m.t.t. aukinna framfara nemenda. Nýta lausnateymi til að ýta undir framfarir.	Skólastjórnendur/ Kennarar/ Starfsfólk	Ágúst 2024	Mái 2025	Fundarg erðir lausnateyma, rýnivinna starfsfólk í lok skólaárs	Að markvisst séu niðurstöður Les- og Talnafimi nýttar til að finna lausnir f. nemendur til að auka framfarir þeirra

Leiðsagnarkennsla	Festa skal í sessi kennsluaðferðir leiðsagnarkennslu: Skýr námsmarkmið hvernar kennslustundar Huga þarf að upphafi og enda hvernar kennslustundar Nýta þarf námsveggi á viðeigandi hátt	Skólastjórnendur/ Kennarar/ Starfsfólk/ Ásgarður	Skólaárið 2024-2025	Maí 2027	Rýnivinn a í lok skólaára, starfsmanna-samtöl. Rýnivinna með kennsluráðgjafa Ásgarðs.	Að allir kennarar hafi uppfært kennsluaðferðir sínar á árinu m.t.t. þessara markmiða. Kennarar þurfa að sýna fram á að þeir hafi beitt aðferðum í kennsluáætlun og í kennslu.
Skráning framfara - Námsmat	Festa skráningu í sessi á grunnframförum nemenda. Halda áfram að nota Askinn.	Skólastjórnendur/ Kennarar/ Starfsfólk/ Ásgarður	Ágúst 2025	Maí 2026	Já/nei	Námsmat skráð niður og gert opinbert - Námsmat sé orðið skráð og opinbert í það minnsta grunn hlutinn.
Námsmats-stefna	Grunnskólinn mun móta sér námsmatsstefnu á skólaárinu	Skólastjórnendur/ Kennarar/ Ásgarður	Skólaárið 2025-2026	Maí 2026	Lokið/ól okið	Stefna mótuð og þróuð á árinu.

Umbætur: Innra mat

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Stuðningur við framkvæmd innra mats	Skólastjóri og starfsfólk fái reglubundinn stuðning við innra mat. Gæðaráð fær fræðslu á mikilvægi innra mats, aðferðum, eftirfylgni og umbótaátlunum.	Skólastjóri og Ásgarður	Ágúst 2024	Júní 2025	Já/nei	Unnið skv. ítrustu kröfum um innra mat. Gæðaviðmið mennta-stefnu eru leiðarljósín
Starfsáætlun innra mats 2024-2025	Móta og leggja fram starfsáætlun innra mats fyrir skólaárið 2024/2025	Skólastjóri	Ágúst 2024	Maí 2025	Lokið/ ólokið	Starfsáætlun lögð fram og unnið eftir henni.
Gæðaráð	Stofnað verður gæðaráð Auðarskóla	Skólastjóri	Ágúst 2024	Okt 2024	Lokið/ ólokið	Mönnun gæðaráðs að fullu. Fræðsla hafi farið fram, unnið eftir starfsáætlun, langtímaáætlun og ársáætlun. Skýrsla í lok skólaárs.
Fundartímar gæðaráðs í fundadagskrá skólans	Festa þarf fundartíma gæðaráðs í fundadagskrá skólans.	Skólastjóri	Ágúst 2024	Sept 2024	Lokið/ ólokið	Fastir fundartímar á fundadagskrá lagðir fram að hausti og dagskrá fylgt.